

ATHUGASEMDIR VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS VIÐ KALDÁRSELSVEG

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : tomasthor@icelandair.is
Heiti : ATHUGASEMDIR VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS VIÐ KALDÁRSELSVEG
Málsnúmer : 1404083
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 10.04.2017 13:20:56
Höfundur : tomasthor@icelandair.is

Ég undirritaður íbúi í Úthlíð 25 vil hér með fyrir mína hönd og fjölskyldu minnar mótmæla nýju deiliskipulagi við Kaldárselsveg. Eftir að hafa setið kynningarfund á vegum bæjarins í mars síðastliðnum er greinilegt að ýmsu er ábótavant við umrætt skipulag.

Mér finnst í hæsta máta óeðlilegt að nýr Kaldárselsvegur sé færður eins nálægt núverandi byggð í Úthlíð/Furuhlíð og raun ber vitni og fá rök færð fyrir nauðsyn þess. Ég vil gera þá kröfu að vegurinn verði áfram í núverandi vegstæði og lagfærður og breikkaður þar. Einnig vil ég fara fram á að hljóðmön verði reist á milli Mosahlíðar og vegarins vegna aukinnar hávaðamengunar með tilkomu meiri umferðar. Þar að auki þætti mér eðlilegt að gerð yrðu undirgöng undir veginn til að tryggja öryggi gangandi vegfaranda á milli Mosahlíðar og Áslands 3.

Í núverandi deiliskipulagi sem kynnt var virðist ekki vera gert ráð fyrir hljóðmön milli Mosahlíðar og Kaldárselsvegjar þrátt fyrir að vegurinn yrði færður töluvert nær húsum í Úthlíð & Furuhlíð og það er fáránlegt að kynna það á fundi að slíkt sé ekki nauðsynlegt þar sem hljóð leiti bara upp, nægur er hávaðinn frá núverandi vegi sem berst yfir Moshlíðna í dag og þar fer hljóðið niður og yfir dalinn. Mér finnst einnig vert að benda á reglugerð nr. 724 um hávaða, þá sérstaklega 5. grein um kröfur sem gerðar eru til skipulagsyfirlalda við breytingar á umferðaræðum í byggð sem geta leitt til aukins hávaða. Ég fer fram á að reglugerðin verði höfð til hliðsjónar þegar ráðist verður í úrbætur á deiliskipulaginu. Mér finnst einnig fullkomlega eðlileg vinnubrögð að fá óháðan aðila til að mæla hávaða vegna umferðar um Kaldárselsveg í dag og að sú mæling verði höfð til hliðsjónar við vinnslu á deiliskipulaginu.

Með vinsemd og virðingu,

Tómas Þór Ellertsson